

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 4 000 á íbúð.

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar

Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	5 000	Flokkur 6	kr.	75 000
Flokkur 2	“	10 000	Flokkur 7	“	100 000
Flokkur 3	“	15 000	Flokkur 8	“	125 000
Flokkur 4	“	30 000	Flokkur 9	“	150 000
Flokkur 5	“	50 000	Flokkur 10	“	175 000

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar Ísafjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 22. mars 1994 staðfest deiliskipulag fyrir miðbæ Ísafjarðar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt deiliskipulagið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.